

Fundur umhverfisnefndar skólaárið 2025-2026

1. fundur 08. september 2025 kl. 12:50

Mættir: 1. Díana Sigurdís, 2. Athena Ýr, 3. Ásmundur, 4. Unnsteinn Berg, 5. Filip, 6. Arnþór og Magnús Ingi, 7. Helgi, 9. Valgarður og Hrafn, 10. Verónika og Ólöf. Vantar Ingibjörgu og Þóru fyrir 8. bekk. Sigríður Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð

Fundargerð.

- Verkefni umhverfisnefndar: Farið yfir hver helstu verkefni nefndarinnar, fyrsta verkefni er að undirbúa Dag íslenskrar náttúru sem verður í Álfholtsskógi.
- Þema vetrarins: SL fer yfir hvaða þemu Grænfánaverkefnið býður upp á. Höfum tekið öll þemun nema langt er síðan við tókum vistheimt og áttahagar. Heiðarskóli á 60 ára afmæli í ár og viljum við leggja til að áttahagar með tengingu við Heiðarskóla verði tekið sem þema ársins og vistheimt. Skólinn á afmæli 9. nóvember og væri hugmynd að þemavikan fari í að vinna verkefni sem tengist Heiðarskóla og áttögum og síðan útvíkkuð verkefni út skólaáriðið tengd áttögum og vistheimt.
- Dagur íslenskrar náttúru - hugmyndir nemenda að verkefnum: leikir, fá súkkulaði, ratleik, feluleik, vera með varðeld og syngja, baka brauð, læra um náttúruna, njóta, skoða plöntur. Mæting með rútum kl 8:10 og heimkeyrsla kl 12.30.
- Í vor náðist ekki að gróðursetja tré og ætla Eyvi að reyna að koma um miðjan sept. í gróðursetningu fyrir mið- og unglingastig. Yngsta stig tók upp kartöflur í lok ágúst og er búið að borða þær allar 😊.
- Langt er síðan umhverfissáttmálinn okkar var gerður og kominn tími á að uppfæra hann, umhverfisnefndin mun uppfæra sáttmálann í vetur.
- Samþykkt að skólinn taki þátt í „Jól í skókassa” í ár.
- Myndataka - næst ekki í dag þar sem vantar tvo fundarmeðlimi, verður gert við fyrsta tækifæri.

Fundi slitið kl 13.20